

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

843. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. september 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Elín R. Líndal.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Eyðing vargfugls, Ásmundur Agnar Norland mætir til fundar.
2. Viðræður við sviðsstjóra- og rekstrarstjóra skipulags- og umhverfissviðs
3. Bréf Félags eldri borgara í Húnaþingi vestra
4. Bréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis
5. Bréf Umhverfisstofnunar
6. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Afgreiðslur:

1. **Eyðing vargfugls, Ásmundur Agnar Norland er mættur til fundar við byggðarráð.** Kynnti hann fyrir byggðarráði áform sín um að sækja um leyfi til Sýslumanns til að ráða skyttu til að eyða vargfugli fyrir landi Sæbóls, Árbakka og Húnaþings vestra. Veðarnar fara fram í 2-3 daga nú í haust. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við veðarnar, svo fremi að tryggt verði að öll hræ verði hirt upp og fargað samkvæmt reglum.
2. **Rekstrarstjóri skipulags- og umhverfisráðs** er mættur til fundar með byggðarráði. Fram kom að framkvæmdum vegna flutnings skólans frá Laugarbakka er lokið, verið er að hanna lagnir og lagnarými vegna vatnsrennibrautar, nýtt aðalskipulag hefur verið samþykkt, farið yfir stöðu framkvæmda við lagningu hitaveitu í Línakradal, viðgerð á hafnarvog ofl.
3. **Lagt fram bréf frá Félagi eldri borgara** í Húnaþingi vestra dags. 10. sept. sl. Styrkbeiðni á árinu 2015. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2015.
4. **Lagt fram bréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis** dags. 2. sept. sl. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2014/2015. Umsóknarfrestur er til 30. september nk. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.
5. **Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar** dags 2. sept. sl. Fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Húnaþings vestra. Við eftirlitið kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi og óskar Umhverfisstofnun eftir áætlun um úrbætur. Áætluninni á að skila fyrir 22. sept. nk. Umhverfisstjóra og sveitarstjóra falið að svara erindinu.

6. **Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytis** dags. 1 sept. sl. þar sem óskað er umsagnar vegna nýrrar reglugerðar um starfsemi slökkviliða. Umsögn þarf að hafa borist eigi síðar en 24. sept. nk. Sveitarstjóra og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er falið að skoða hvort ástæða sé til að senda umsögn um reglugerðina. **Samþykkt að taka á dagskrá.**
7. **Lagt fram til kynningar fundaboð Samtaka orkusveitarfélaga.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:08

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir